

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2025

Starfsgreinasamband Íslands
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
kt. 601000-3340

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Áritun kjörinna skoðunarmanna	4
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Starfsgreinasambands Íslands.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsgreinasambandi Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðreglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeignadi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsgreinasambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær getu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 20. ágúst 2026

Deloitte ehf.

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Starfsgreinasambands Íslands höfum skoðað ársreikning sambandsins fyrir árið 2025 og gert þær kannanir sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sambandsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 20. ágúst 2026

Skoðunarmenn

Áritun stjórnar

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsgreinasamband Íslands er samband 18 verkálýðsfélaga og aðili að Alþýðusambandi Íslands. Sambandið er stærsta aðildarfélag ASÍ og starfar í samræmi við lög þess.

Á árinu 2025 námu tekjur Starfsgreinasambands Íslands umfram gjöld kr. 38.514.168 og nam bókfært eigið fé í árslok kr. 213.665.770.

Á þingi SGS í október 2023 var ákveðið að hækka skatthlutfall úr 3,8% í 4,5% fyrir árin 2024 og 2025. Í ljósi ágætrar fjárhagsstöðu sambandsins ákvað formannafundur SGS 10. desember 2024 að leggja það til á þingi sambandsins 8.-10. október 2025 að skatthlutfall ársins 2025 lækki úr 4,5% í 4,2%.

Stjórn Starfsgreinasambands Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2026

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Innheimtar skatttekjur		298.445.541	278.524.589
Hlutdeild ASÍ		(193.150.818)	(175.707.937)
Skatttekjur samtals	3	105.294.723	102.816.652
Aðrar tekjur	4	25.613.327	0
		<u>130.908.050</u>	<u>102.816.652</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	(50.324.196)	(41.842.911)
Almennur kostnaður	6	(42.156.598)	(27.807.624)
Afskriftir fastafjármuna	8	(6.293.382)	(8.105.033)
		<u>(98.774.176)</u>	<u>(77.755.568)</u>
Rekstrarafkoma		32.133.874	25.061.084
Fjármunatekjur	7	6.499.823	8.195.704
Fjármagnsgjöld	7	(119.529)	(97.370)
		<u>6.380.294</u>	<u>8.098.334</u>
Tekjur umfram gjöld á rekstrarárinu		<u>38.514.168</u>	<u>33.159.418</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	13.400.707	13.953.843
Fjárfestingaverðbréf	9	12.125.986	12.125.986
		<u>25.526.693</u>	<u>26.079.829</u>
Veltufjármunir			
Kröfur á tengd félög		26.568.574	26.568.574
Aðrar skammtímakröfur	10	6.217.615	2.502.518
Handbært fé	10	163.361.878	124.821.807
		<u>196.148.067</u>	<u>153.892.899</u>
Eignir		<u>221.674.760</u>	<u>179.972.728</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11	<u>213.665.770</u>	<u>175.151.602</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	0	20.000
Aðrar skammtímaskuldir	12	8.008.990	4.801.126
		<u>8.008.990</u>	<u>4.821.126</u>
Eigið fé og skuldir		<u>221.674.760</u>	<u>179.972.728</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Innborganir:			
Innborganir frá sambandsfélögum		105.294.723	102.816.652
Innborgaðar aðrar tekjur		25.613.327	0
Innborgaðir vextir		6.499.823	8.195.704
		<u>137.407.873</u>	<u>111.012.356</u>
Útborganir:			
Greiddur ýmis kostnaður		(93.008.027)	(77.327.494)
Greiddir vextir		(119.529)	(97.370)
		<u>(93.127.556)</u>	<u>(77.424.864)</u>
Rekstrarhreyfingar		<u>44.280.317</u>	<u>33.587.492</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(5.740.246)	(5.869.328)
Hækkun/(lækkun) á kröfum á tengd félög		0	(26.568.574)
		<u>(5.740.246)</u>	<u>(32.437.902)</u>
Hækkun handbærs fjár		38.540.071	1.149.590
Handbært fé í upphafi árs		124.821.807	123.672.217
Handbært fé í lok árs		<u>163.361.878</u>	<u>124.821.807</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsemi Starfsgreinasambandsins felst í því meginhlutverki þess að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættem kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning skatttekna

Skattur til Starfsgreinasambands Íslands er reiknaður sem hlutfall af félagsgjöldum sambandsfélaganna. Innheimta skatts Starfsgreinasambandsins af félagsgjöldum sambandsfélaganna er byggð á ársreikningum þeirra, en á áætlun þegar ársreikningar félaganna fyrir árið 2025 liggja ekki fyrir og er skattstofninn þá áætlaður með hliðsjón af síðasta framlögðum ársreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

Skýringar

3. Skatttekjur

Skatttekjur Starfsgreinasambands Íslands greinast á eftirfarandi hátt:

	2025	2024
Skattstofn Starfsgreinasambands Íslands	2.507.016.791	2.284.814.510
Skatthlutfall SGS af félagsgjöldum	4,20%	4,50%
	105.294.723	102.816.652

4. Aðrar tekjur

	2025	2024
Innborgun vegna slita á Fiskfélagi Íslands.	25.613.327	0
	25.613.327	0

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun	36.667.653	30.233.757
Tryggingargjald	2.843.688	2.367.197
Lífeyrissjóður	4.950.124	4.081.566
Sjúkra- og orlofsheimilassjóður	598.938	498.451
Reiknað áfallið orlof, breyting	2.082.918	152.650
Annar starfsmannakostnaður	3.180.875	5.108.976
Þátttaka annarra í launum	0	(599.686)
	50.324.196	41.842.911

Stöðugildi að meðaltali	3	2,2
-------------------------------	---	-----

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2025 námu 21,9 milljónum króna (2024: 19,2 m.kr.)

Skýringar

6. Almennur kostnaður

	2025	2024
Húsaleiga	1.082.440	5.562.619
Samstarfssamningur SGS og ASÍ	6.943.453	6.874.680
Erlend aðildarfélög	4.067.795	5.095.633
Ferðakostnaður erlendis	585.972	526.851
Dagpeningar erlendis	81.146	200.139
Kostnaður vegna funda og þinga	9.231.615	1.482.494
Endurgreiddur ferðakostnaður	0	1.808
Ökutækjastyrkir	121.853	0
Sími og burðargjöld	505.695	476.745
Pappír, prentun og ritföng	3.564.840	166.612
Skrifstofuáhöld og innréttingar	1.089.329	775.586
Tölvupjónusta og rekstur tölvu	1.811.001	949.777
Kostnaður við gerð heimasíðu	711.937	822.883
Tímarit, bækur og áskrift	111.866	214.472
Gjafir og styrkir	2.105.747	49.521
Auglýsingar	499.937	854.366
Endurskoðun og reikningsskil	1.264.925	1.378.878
Önnur sérfræðipjónusta og aðkeypt þjónusta	4.390.271	855.869
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna	86.421	82.251
Fæðis- og kaffikostnaður	1.481.327	180.824
Annar kostnaður	2.347.652	1.151.398
Tryggingar	71.376	64.218
	<u>42.156.598</u>	<u>27.807.624</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	8.333.107	10.501.525
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(1.833.284)	(2.305.821)
	<u>6.499.823</u>	<u>8.195.704</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(9.567)	(26)
Þjónustugjöld	(109.962)	(77.080)
Vaxtagjöld	0	(20.264)
	<u>(119.529)</u>	<u>(97.370)</u>
	<u>6.380.294</u>	<u>8.098.334</u>

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld, tæki og innréttingar
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun	54.445.803
Eignfært á árinu	5.740.246
Staða í árslok	60.186.049
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	40.491.960
Afskrift ársins	6.293.382
Staða í árslok	46.785.342
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun	13.953.843
Bókfært verð í árslok	13.400.707
Afskriftarhlutföll	30%

9. Fjárfestingaverðbréf

	2025	2024
Eignarhlutur í Eignarhaldsfélaginu Guðrúnartúni 1 ehf.	12.125.986	12.125.986
	12.125.986	12.125.986

Eignarhlutur Starfsgreinasambandsins í Eignarhaldsfélaginu Guðrúnartúni 1 ehf. nam 11,2 % í árslok og er færður á kostnaðarverði.

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Fyrirframgreiddur kostnaður	2.235.236	1.560.000
Inneignir hjá sambandsfélögum	3.125.371	0
Samstarfssjóður SGS	857.008	942.518
	6.217.615	2.502.518

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2025	31.12.2024
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	163.361.878	124.821.807
	163.361.878	124.821.807

Skýringar

11. Eigið fé

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	141.992.184
Tekjur umfram gjöld ársins	33.159.418
Eigið fé 1.1.2025	175.151.602
Tekjur umfram gjöld ársins	38.514.168
Eigið fé 31.12.2025	213.665.770

12. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir	0	20.000
	0	20.000

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6.536.199	4.142.605
Ógreiddur kostnaður	1.349.835	489.963
Aðrar skuldir	122.956	168.558
	8.008.990	4.801.126

13. Húsaleigusamningur

Starfsgreinasambandið leigir húsnæði fyrir starfsemi sína samkvæmt leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Guðrúnartúni 1 ehf. Gjaldfærðar leigugreiðslur í ársreikningi 2025 námu samtals 8,1 millj.kr. (2024: 8,1 millj.kr.). Til lækkunar koma leigutekjur frá fræðslusjóðnum Landsmennt, en Starfsgreinasamband Íslands leigir sjóðnum sem samsvarar einni og hálfri skrifstofu. Leigutekjur á árinu 2025 námu 2 millj. kr. (2024: 2,6 millj. kr.).

Lækkun á húsaleigu milli ára skýrist vegna uppgreiðslu lána 1. október 2024. Leigutekjur frá Landsmennt haldast óbreyttar.